Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Kópavogur, 20. október 2026
Málsnr. 1910005/HH/HBJ/PBG

Umsögn SSH við drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (ýmsar breytingar), S-194/2026.

Rétt er í upphafi að árétta að aðildarsveitarfélög SSH hafa mikinn metnað þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Hins vegar þarf aukið fjármagn að fylgja þeim auknu skyldum sem þeim eru lögð á herðar með lagafyrirmælum. SSH gera því, sér í lagi á grundvelli þeirrar afstöðu, eftirfarandi athugasemdir við ofangreind frumvarpsdrög:

Í umsögn SSH um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, dags. 8. október 2025, var lögð áhersla á að lögfestingu samningsins væri ætlað að styrkja réttarstöðu fatlaðs fólks án þess að fjármagn fylgdi með. Í þeirri greiningu sem unnin var fyrir SSH kom fram verulegt bil milli rekstrarkostnaðar þjónustunnar og markaðra tekna sveitarfélaga, auk óvissu um þróun þjónustuþarfa og kostnað vegna þjónustu við fólk með miklar og flóknar stuðningsþarfir. Ofangreind frumvarpsdrög virðast að einhverju byggjast á þeim samningi og sjónarmiðum sem leiða af honum.

Í umsögn SSH um frumvarp til fjárlaga 2027, dags. 7. október 2026, var þá enn áréttað að sveitarfélögin greiða nú þegar milljarða króna árlega til málaflokks þjónustu við fatlað fólk umfram tekjustofna og framlög frá ríkissjóði en sem dæmi má nefna að á árinu 2023 var mismunur á útgjöldum og mörkuðum tekjum 13,8 milljarðar króna, en um 10 milljarðar á árinu 2024. Liggja einnig fyrir greiningar SSH sem sýna fram á að uppsafnaður halli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna málaflokksins hafi numið um 42 ma.kr. vegna áranna 2018 til 2022 og um 70 ma.kr. m.v. árið 2024. Á grundvelli þessa hefur verið ákall um að rekstur málaflokksins verði leiðréttur.

Þessi sjónarmið eru enn í fullu gildi. Í skýrslu SSH, *Samspil og virkni velferðarþjónustu – Áskoranir ríkis og sveitarfélaga í velferðarþjónustu*, sem unnin var á grundvelli sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2025–2029, er jafnframt sýnt fram á hvernig óskýr verkaskipting ríkis og sveitarfélaga getur leitt til þess að einstaklingar fái ekki nauðsynlega þjónustu eða að kostnaður vegna hennar falli á sveitarfélög þrátt fyrir að ábyrgð sé óljós eða liggi annars staðar. Þar er sérstaklega bent á fjármögnunarbil, skörun þjónustu og rof í þjónustu þegar kerfin ná ekki að samræma ábyrgð sína. Þegar um er að ræða fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er sérstök hætta á því að skilin milli kerfa verði óljós og að auknar skyldur falli á sveitarfélögin, enda er t.a.m. hætt á að NPA þjónusta þróist yfir í hjúkrunarþjónustu, sem með réttu er á ábyrgð ríkisins, vegna þessa hóps.

Frumvarpið þarf að skoða í þessu samhengi. Auknar kröfur um réttindi og þjónustu verða ekki tryggðar í framkvæmd nema raunhæfar forsendur séu fyrir því að veita þjónustuna og fjármagna hana. SSH telja því nauðsynlegt að frumvarpið verði metið með hliðsjón af þeirri stöðu sem þegar hefur verið greind varðandi fjármögnun og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Það er einfaldlega óraunhæft að leggja frekari skyldur á sveitarfélögin án þess að fjármögnun komi á móti.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Er í þessu samhengi einnig vísað til 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um mat á fjárhagslegum áhrifum lagasetningar á sveitarfélög. SSH telja nauðsynlegt að áhrifamat frumvarpsins verði endurskoðað áður en frumvarpið verður lagt fram og að skýrt verði hvernig fjármögnun nýrra eða aukinna lögbundinna verkefna verði tryggð.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsdraganna:

Samræmt mat á stuðningsþörf
SSH telja mikilvægt að samræmt SIS-mat stuðli að gagnsæi og samræmi við mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks. Slíkt mat getur þó ekki komið í stað heildstæðs einstaklingsbundins mats á þörfum hvers og eins. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við tölulið á eftir 3. tl. 1. gr. þar sem fram komi að SIS mat skuli lagt til grundvallar ákvarðanatöku um þjónustu. SSH benda á að slíkt orðalag eykur líkur á því að SIS matið sé sett framar heildstæðu mati og leggja því til að orðalagið sé endurskoðað. Sérstaklega þarf að gæta að því að þjónustuþarfir fólks með miklar og flóknar stuðningsþarfir, meðal annars vegna alvarlegs geðræns vanda eða hegðunarvanda, kunni að vera meiri en niðurstaða SIS-mats gefur til kynna. Tryggja þarf að slíkt mat leiði ekki til þess að raunveruleg þjónustuþörf sé vanmetin eða að ósamræmi myndist milli lögbundinna þjónustuskyldna sveitarfélaga og þess fjármagns sem þeim fylgir. SSH telja því nauðsynlegt að skýrt verði hvernig brugðist skuli við þegar heildstætt mat leiðir í ljós meiri stuðningsþörf en SIS-mat endurspeglar og hvernig fjármögnun taki mið af þeirri þörf.

Húsnæðisúrræði og forgangsröðun skv. 5. gr. frumvarpsdraganna:
SSH taka undir mikilvægi þess að fatlað fólk hafi aðgang að viðeigandi húsnæði og stuðningi. Hins vegar er alveg skýrt að virða þarf sjálfstjórn sveitarfélaga við útfærslu reglna um félagslegt húsnæði og úthlutun þess. SSH gera athugasemdir við tillögu um lögbundinn forgang einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn. Meta þarf áhrif slíks forgangs á aðra umsækjendur og tryggja að forgangsröðun byggist á málefnalegum sjónarmiðum og samræmist jafnræðisreglu.

Er hér jafnframt vísað til þess sem fram kemur í skýrslunni *Samspil og virkni velferðarþjónustu – Áskoranir ríkis og sveitarfélaga í velferðarþjónustu*, varðandi kostnað við þá einstaklinga sem nauðsyn ber til að sæti öryggisráðstöfunum án þess að dómsúrlausn liggi þar að baki. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa í dag frammi fyrir hópi einstaklinga með alvarlega geðfötlun og geðsjúkdóma sem birtast í alvarlegum hegðunarvanda. Þessir einstaklingar hafa ekki hlotið dóm. Þeir eru í búsetuúrræðum á vegum sveitarfélaganna og þiggja þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónustan sem krafist er af sveitarfélögunum til að tryggja öryggi þessara einstaklinga, bæði þeirra sjálfra og umhverfis þeirra, fer langt umfram það sem SIS-mat og framlög Jöfnunarsjóðs gera ráð fyrir.

Frístundaþjónusta skv. 8. gr. frumvarpsdraganna:
Frumvarpið gerir ráð fyrir banni við gjaldtöku fyrir frístundaþjónustu fatlaðra barna og ungmenna. Áhrifamatið tekur mið af áætluðu tekjutapi sveitarfélaga, en ekki verður séð að gert sé ráð fyrir því að fjármögnun ríkisins komi á móti. Er því verið að leggja auknar skyldur á sveitarfélögin án þess að fjármögnun sé tryggð. Er þá jafnframt tekið undir það sem fram kemur í umsögn Reykjavíkurborgar varðandi þetta atriði.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hvetja SSH því samkvæmt framangreindu til þess að nánara áhrifamat fari fram á þeim atriðum sem frumvarpsdrögin kveða á um og að fullnægjandi fjármögnun þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir verði tryggð.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri